

Mars 2025



Verklagsreglur

Samstarf við íslensk félagasamtök um
þróunarsamvinnuverkefni

Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

Mars 2025

postur@utn.is

felagasamtok.styrkir@utn.is

<https://www.utn.is/felagasamtok>

Umbrot og textavinnsla:

Utanríkisráðuneytið, Þróunarsamvinnuskrifstofa

©2025 Utanríkisráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Tegundir styrkja til þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka.....	6
2.1 Nýliðastyrkir	6
2.2 Stytttri þróunarsamvinnuverkefni	6
2.3 Langtímaþróunarsamvinnuverkefni.....	6
2.4 Kynningar- og fræðsluverkefni	7
2.5 Rammasamningar.....	7
3. Styrkhæfi, áherslur og styrkupp hæðir	8
3.1 Styrkhæfi félagasamtaka	8
3.2 Verkefnasvæði og áherslur.....	9
3.3 Málefnaflokkar og heimsmarkmið	9
3.4 Verkefnakostnaður, styrkupp hæðir og mótframlag.....	10
3.4.1 Umsýsla	10
3.4.2 Mótframlag	10
3.4.3 Laun og launatengd gjöld	11
3.4.4 Aðkeypt þjónusta	11
4. Gerð umsókna	12
4.1 Að fylla út umsóknareyðublaðið.....	12
5. Mat á umsóknum	14
5.1 Frummat.....	14
5.2 Mat umsókna	14
5.3 Gæðaviðmið	14
5.4 Tilkynning um úthlutun	16
5.5 Trúnaður.....	16

6. Framkvæmd og eftirlit	17
6.1 Samningar	17
6.2 Greiðsla styrkja.....	17
6.3 Greiðslur til samstarfsaðila	18
6.4 Viðurkenndur kostnaður	18
6.4.1 Raunkostnaður	19
6.5 Frávik.....	19
6.6 Færsla milli fjárhagsára.....	19
6.7 Gengisbreytingar.....	19
6.8 Eignir, búnaður og rekstrarvörur	19
6.9 Fjármálastjórnun	19
6.10 Misnotkun fjár	20
6.11 Varnir gegn kynferðislegri misneytingu, misnotkun og áreitni.....	20
6.12 Úttektir og árangursmat	21
6.13 Sýnileiki verkefna	21
7. Skýrslur	22
7.1 Framvinduskýrslur	22
7.2 Lokaskýrslur	22
7.3 Reikningsuppgjör.....	23

1. Inngangur

Verklagsreglur þessar gilda samhliða reglum nr. 1035/2020 um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu og eiga við um samstarf ráðuneytisins við félagasamtök.¹

Félagasamtök eru mikilvægir samstarfsaðilar stjórnvalda í þróunarsamvinnu. Verklagsreglur þessar hafa stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 að leiðarljósi.² Þar segir m.a. að veitt verði framlög til verkefna á vegum félagasamtaka á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Unnið verði samkvæmt stefnumiðum og verklagsreglum um samstarf við íslensk félagasamtök og jafnframt horft til þess að styðja félagasamtök á vettvangi í samstarfsríkjum. Stuðningur við félagasamtök miði að því að efla og styrkja hið borgaralega samfélag sem gegni veigamiklu hlutverki, meðal annars við að standa vörð um mannréttindi þeirra fátækustu og þeirra sem búa við mismunun. Verkefni félagasamtaka skulu, eins og önnur verkefni íslenskra stjórnvalda, leggja sérstaka áherslu á útrýmingu fátæktar, virðingu fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði.

Í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu kemur einnig fram að Íslensk stjórnvöld leggi áherslu á upplýsingagjöf, kynningu og fræðslu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þátttöku Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Markmiðið verði að auka skilning á þeim hnattrænu áskorunum sem til staðar eru, auka gagnsæi og stuðla að aukinni þekkingu meðal almennings um málaflokkinn. Einnig skuli árangri af þróunarsamvinnu og mannúðarstarfi verða komið á framfæri við almenning með viðeigandi umfjöllun sem byggist á virðingu fyrir fólki, ekki síst berskjölduðum hópum.

Hlutverk styrkveitinga utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð er m.a. að hvetja til þátttöku og framlags þeirra til þróunarsamvinnu Íslands. Markmið verkefna skulu vera í samræmi við áherslur stjórnvalda í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Í verklagsreglum þessum verður farið yfir tegundir styrkja vegna **þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka**, styrkhæfi umsóknaraðila, feril umsókna og kröfur um skýrsluskil og framkvæmd verkefna.

¹ Upplýsingar varðandi samstarf við fyrirtæki má finna á vef stjórnarráðsins www.utn.is/samstarfssjodur.

² Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023: <https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0533.pdf>

2. Tegundir styrkja til þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka

Þróunarsamvinna er fólgin í því að veita fólki í fátækum löndum fjárhagslega, félagslega og tæknilega aðstoð með það að meginmarkmiði að ýta undir efnahagslega og félagslega uppbyggingu til lengri tíma. Samstarf við félagasamtök hefur það að markmiði að hvetja til þátttöku og framlags þeirra til þróunarsamvinnu Íslands með því að bjóða upp á samfjármögnun verkefna þeirra. Slíkir styrkir til félagasamtaka renna til verkefna þeirra eða samstarfsaðila sem einnig tilheyra borgarasamfélaginu (NGO, CSO). Jafnframt er áhersla lögð á að vekja athygli almennings á þróunarsamvinnu og þjóna þar kynningar- og fræðsluverkefni mikilvægum tilgangi.

Veittir eru styrkir til fjögurra tegunda þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka:

- Nýliðaverkefni
- Styttri þróunarverkefni.
- Langtímaþróunarverkefni.
- Kynningar- og fræðsluverkefni

2.1 Nýliðastyrkir

Félagasamtök sem sækja um styrki til verkefna í þróunarsamvinnu í fyrsta sinn skulu sækja um nýliðastyrk. Hámark þessara styrkja er fjórar milljónir króna og eru nýliðastyrkir ekki veittir til lengri tíma en eins árs.

Ekki er hægt að fá úthlutað nýliðastyrkjum til þróunarsamvinnuverkefna oftast en einu sinni og geta félagasamtök einungis fengið úthlutað slíkum til eins verkefnis.

2.2 Styttri þróunarsamvinnuverkefni

Styttri þróunarsamvinnuverkefni eru skilgreind sem afmörkuð verkefni reyndra samtaka (t.d. hafa áður hlotið nýliðastyrk og hafa reynslu af verkefnum) sem studd eru að hámarki til eins árs í senn.

Einnig er hægt að sækja um styrki vegna undirbúnings stærri verkefna. Sækist félagasamtök eftir áframhaldandi stuðningi utanríkisráðuneytisins eftir að undirbúningsfasa lýkur skal ný umsókn gerð og send inn þegar ný úthlutun er auglýst.

2.3 Langtímaþróunarsamvinnuverkefni

Langtímaþróunarsamvinnuverkefni hafa ákveðið upphaf og ákveðinn endi en geta staðið yfir í nokkur ár. Verkefni af þessu tagi eru háð fjárskuldbindingum til lengri tíma og eru veitt reyndari samtökum.

Ákvarðanir um styrki eru þó ekki teknar nema til fjögurra ára í senn að hámarki. Hægt er að sækja um framhaldsstyrki til sama verkefnis að undangenginni úttekt

sem leiðir í ljós að framgangur verkefnisins sé ásættanlegur miðað við markmið þess enda sé dreginn lærdómur af úttektinni í framhaldsumsókn.

2.4 Kynningar- og fræðsluverkefni

Kynningar- og fræðsluverkefni skulu koma til framkvæmdar á Íslandi. Þessum verkefnum er ætlað að auka þekkingu almennings á alþjóðlegri þróunarsamvinnu annars vegar og efla þekkingu eða stofnanagetu umsækjenda í tengslum við þróunarsamvinnuverkefni hins vegar.

Styrkir eru veittir til afmarkaðra og tímabundinna verkefna ekki lengur en til eins árs í senn. Heimilt er að ákveða áherslur við hverja úthlutun og skuli þess vera getið í auglýsingu. Slíkar áherslur útiloka þó ekki styrki til annarra verkefna.

Ekki eru veittir styrkir til rekstrar eða umsýslu félagasamtaka, né til kynningar- og fræðsluverkefna eða viðburða sem þegar hafa átt sér stað.

2.5 Rammasamningar

Ráðuneytið getur gert rammamninga við félagasamtök um þróunarsamvinnu eða mannúðaraðstoð að undangenginni auglýsingu. Sá fjárhagsrammi sem rammamningar byggja á tekur mið af fyrri úthlutunum, fjárhagslegri getu og starfi samtakanna. Félagasamtök sem gert hafa rammamning við ráðuneytið eru ekki styrkhæf til stakra styrkja til sams konar verkefna og rammamningur nær til.

3. Styrkhæfi, áherslur og styrkuppþæðir

Sækja má um styrki til verkefna sem unnin eru í eigin nafni félags, verkefna sem unnin eru í samstarfi við samtök í samstarfslandinu (samstarfsaðila) og til verkefna á vegum alþjóðlegra samtaka eða í samvinnu við önnur félög. Styrkþegi skal taka virkan þátt í verkefninu jafnvel þó að þriðji aðili innir þau af hendi. Slík hlutdeild getur falist í undirbúningi, beinni þátttöku í verkefni, eftirliti, úttekt eða útsendu starfsliði.

Frjálsum félagasamtökum með rammamning er ekki heimilt að sækja um styrki til samskonar verkefna og rammamningur nær til, þ.m.t. þróunarsamvinnuverkefna og kynningar- og fræðsluverkefna.

3.1 Styrkhæfi félagasamtaka

Styrkhæf félagasamtök skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök, skv. rekstrarformi eða atvinnugreinaflokkun, eða vera skráð sem félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019.
- Skulu ekki rekin í hagnaðarskyni (e. non-profit).
- Hafa sett sér lög og starfandi stjórn.
- Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar séu minnst 30 talsins.
- Hafa lagt fram staðfestan ársreikning.

Félagasamtök sem sækja um styrk þurfa að uppfylla kröfur sem Ríkisendurskoðun gerir um meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.

Vakin er athygli á því að fyrir styrki hærrí en 4 m.kr. skulu samtök hafa lagt fram ársreikninga áritaða af opinberri endurskoðunarstofnun sem er aðili að INTOSAI eða endurskoðunarfyirtæki sem starfar skv. alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (IFAC) sl. tvö ár fyrir langtímastyrki en eitt ár fyrir styttri verkefni.³

Umsækjendur skulu, í samræmi við 8. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu, nr. 121/2008, sýna fram á að þeir uppfylli viðurkenndar kröfur alþjóðasamfélagsins á sviði þróunarsamvinnu, m.a. þróunarsamvinnunefndar Efnahags og framfarastofnunarinnar (OECD DAC), hvað varðar þekkingu, gæði tæknilegra lausna, almenna getu og fjárhagslega burði til að taka þátt í alþjóðlegum þróunarsamvinnuverkefnum.

³ Sjá [leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar](#): Þegar um er að ræða styrki allt að 4 m.kr. er ekki gerð krafa til þess að löggiltur endurskoðandi áriti reikningsskil samstarfsaðilans eða framkvæmdaaðila verkefna heldur nægir að félagskjörinn skoðunarmaður hafi staðfest ársreikninginn.

Styrkþegar þurfa jafnframt að hafa gert fullnægjandi skil vegna fyrri styrkja.

3.2 Verkefnasvæði og áherslur

Styrkir sem koma til framkvæmda þróunarsamvinnuverkefna skulu bundnir við verkefni í ríkjum á lista þróunarsamvinnunefndar OECD DAC um viðtökulönd opinberrar þróunaraðstoðar.⁴ Sérstök áhersla er lögð á samstarf við lágtekjuríki.⁵ Leitast er eftir samlegð milli þróunarsamvinnu Íslands og verkefna félagasamtaka í tvíhliða samstarfslöndum Íslands, Malaví, Úganda og Síerra Leóne. Lista yfir gjaldgeng lönd má finna á www.utn.is/felagasamtok.

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að auglýsa eftir umsóknum um styrki til ákveðinna verkefnasvæða eftir því sem við á.

Verkefni skulu vera í samræmi við þá úthlutunarskilmála sem settir eru fram í 6. gr. reglna um styrkveitingar til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020:

- Verkefni skulu vera í samræmi við stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu, þá einkum hvað varðar þverlæg málefni þ.e. jafnréttis- og umhverfismál ásamt því að vera mannréttindamiðuð,
- meginmarkmið verkefnisins skal vera í samræmi við þróunarmarkmið í því samstarfslandi þar sem þróunarsamvinnuverkefni verður framkvæmt,
- verkefnið stríði ekki gegn áætlunum og þörfum, samstarfslandsins,
- verkefnið hafi mælanleg þróunaráhrif.

3.3 Málefnaflokkar og heimsmarkmið

Umsækjendur skulu taka fram hvaða markmið í þróunarsamvinnu Íslands verkefnið muni styðja, á þetta um aðalmarkmið og þverlægar áherslur.

Allar umsóknir skal flokka eftir málefnaflokkum þróunarsamvinnu (e. purpose codes) skv. skilgreiningu OECD DAC.⁶ Hægt er að flokka verkefni með fleiri en einum málefnaflokki.

Flest kynningarverkefni má t.d. flokka undir kóða #99820 – Promotion of development awareness.

Öll verkefni og umsóknir skulu taka fram til hvaða heimsmarkmiða verkefnið vinnur að, þar með talið undirmarkmiða. Nánari upplýsingar um heimsmarkmiðin og undirmarkmið þeirra má finna á upplýsingasíðu um heimsmarkmiðin.⁷

⁴ Sjá nánar viðtökulönd þróunaraðstoðar: <http://www.oecd.org/dac/financing-sustainable-development/development-finance-standards/dac-list.htm>

⁵ Lágtekjuríki nær til *least developed countries* og *low-income countries* á lista Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD DAC).

⁶ Sjá nánar málefnaflokkar OECD DAC: <http://www.oecd.org/development/financing-sustainable-development/development-finance-standards/purposecodessectorclassification.htm> og á www.utn.is/felagasamtok

⁷ Sjá nánar heimsmarkmið SP: <https://www.heimsmarkmidin.is/> og <https://sdgs.un.org/goals>

3.4 Verkefnakostnaður, styrkuppþæðir og mótframlag

Útanríkisráðuneytið veitir að hámarki styrk sem nemur 80% af heildarkostnaði verkefnis. Er þar með talin beinn verkefnakostnaður á vettvangi og umsýslukostnaður. Gera skal grein fyrir verkefnakostnaði, umsýslu og í hverju hún felst, ásamt mótframlagi, í kostnaðaráætlun sem fylgir styrksúmsókn, sbr. kafla 4.1 hér að neðan.

3.4.1 Umsýsla

Umsýslukostnaður er sá kostnaður sem kemur til við umsjón með framkvæmd verkefna og ekki er hægt að rekja til framkvæmdar ákveðins verkefnis eða aðgerðar. Umsýslukostnaður er reiknaður sem hlutfall af beinum verkefnakostnaði.

Félög sem vinna verkefnin á vettvangi, þ.e. sjálf eða í nánú samstarfi við heimamenn, mega verja **að hámarki 10 prósentum** af heildarkostnaði til umsýslu og geta fært hann sem óbeinan kostnað. Þetta á ekki við um kynningar- og fræðsluverkefni. Hámark umsýslukostnaðar verkefna sem eru undir yfirstjórn alþjóðasamtaka og krefjast lítillar umsýslu íslensku samtakanna er **þrjú prósent**.

Vert er að taka fram að eftirlit og úttektir á vettvangi teljast ekki til umsýslukostnaðar og falla undir beinan verkefnakostnað.

Gera skal skýra grein fyrir kostnaði vegna umsýslu styrkþega í úmsóknum og því í hverju hún felst.

Dæmi um útreikning á umsýslukostnaði má finna hér fyrir neðan:

Útreikningur á umsýslu og kostnaðarskipting	
Kostnaður á vettvangi skv. fjárhagsáætlun (þ.m.t. eftirlit og úttektir á vettvangi)	1.000.000 kr.
Álagning v. umsýslu á Íslandi (3%)	30.000 kr.
Heildarkostnaður verkefnis	1.030.000 kr.
Sótt um 80% af heildarkostnaði	824.000 kr.
Mótframlag	206.000 kr.

3.4.2 Mótframlag

Gerð er krafa um mótframlag sem nemur að lágmarki 20% af heildarkostnaði við verkefnið vegna þróunarsamvinnuverkefna, þ.m.t. nýliðaverkefna og kynningar- og fræðsluverkefna.

Miðað við dæmið sem notast var við hér að ofan var heildarkostnaður verkefnis með umsýslukostnaði 1.030.000 kr. Styrkur til þróunarsamvinnuverkefnis getur ekki orðið hærri en 80%, sem í þessu tilfelli væri 824.000 kr. og væri 20% mótframlag þá 206.000 kr.

Útreikningur á umsýslu og kostnaðarskipting	
Kostnaður á vettvangi skv. fjárhagsáætlun (þ.m.t. eftirlit og úttektir á vettvangi)	1.000.000 kr.
Álagning v. umsýslu á Íslandi (3%)	30.000 kr.
Heildarkostnaður verkefnis	1.030.000 kr.
Sótt um 80% af heildarkostnaði	824.000 kr.
Mótframlag	206.000 kr.

Í umsókn skal gera ítarlega grein fyrir því hvernig styrkþegi hyggst háttta mótframlagi sínu. Ekki er gerð athugasemd við að hluti kostnaðar komi frá þriðja aðila, en gera skal grein fyrir hvaða aðilar komi að fjármögnun verkefnisins og í hverju framlag þeirra sé fólgið.

Mótframlag má ekki greiða með opinberum styrkjum, hvorki íslenskum né erlendum. Í umsókn skal tilgreina aðra styrki sem verkefnið hefur tryggt sér eða gerir ráð fyrir á styrktímanum.

Mótframlag er skilgreint sem beint fjárframlag og er ekki heimilt að tiltaka eigin kostnað eins og vinnuframlag (e. in-kind) vegna þróunarsamvinnuverkefna. Undanskilið þessari kröfu eru nýliðaverkefni og kynningar- og fræðsluverkefni þar sem hluti mótframlags má vera í formi vinnuframlags. Áfram er þó gerð krafa um 20% mótframlag.

3.4.3 Laun og launatengd gjöld

Við útreikning launa starfsfólks á Íslandi og/eða útsendra sérfræðinga skulu umsækjendur hafa almenna kjarasamninga og stofnanasamninga til hliðsjónar. Ráðuneytinu er heimilt að setja þak á tímagjald vegna vinnuframlags.

3.4.4 Aðkeypt þjónusta

Lýst skal aðkeyptri þjónustu í verkefnislýsingu hvort heldur sem hún er unnin af stofnun eða fyrirtæki sem jafnframt er umsækjandi eða öðrum rekstraraðilum. Gerð skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptri þjónustu eða ráðgjöf og hvað þjónustan kostar. Ráðuneytinu er heimilt að setja þak á taxa vegna aðkeyptrar þjónustu og skal slíkt vera tilgreint í samningi.

4. Gerð umsókna

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skila með tölvupósti á netfangið felagsamtok.styrkir@utn.is innan auglýsts umsóknarfrests hverju sinni.

Umsóknareyðublaðið skal vera á íslensku en önnur fylgiskjöl svo sem verkefnaskjöl, rökrammar, kostnaðaráætlanir og fleira mega vera á íslensku eða ensku.

4.1 Að fylla út umsóknareyðublaðið

Fylla skal út alla reiti í umsóknareyðublaði.⁸ Umsóknareyðublað nær til eftirfarandi þátta:

1. Upplýsingar um umsækjanda, bæði tengilið umsóknar og upplýsingar um þau samtök sem sækja um.
2. Verkefnalýsing í nokkrum skrefum:
 - Val um nýliðaverkefni eða almenn þróunarsamvinnuverkefni
 - Verkefnaheiti á íslensku og ensku
 - Samstarfsaðili/aðilar (ef við á)
 - Áætluð lengd verkefnis
 - Kostnaður verkefnis settur fram í íslenskum krónum
 - Stutt samantekt/lýsing á verkefni
 - Markmið
 - Markhópur
 - Væntanlegur afrakstur/árangur
 - Málaflokkur/flokkar þróunarsamvinnu (e. purpose codes)
 - Heimsmarkmið SP

Eftirfarandi er yfirlit yfir þau fylgigögn sem senda þarf með umsóknum, vinsamlegast athugið að listinn er ekki tæmandi:

- Yfirgripsmikið verkefnaskjal.
- Fjárhagsáætlun vegna verkþátta á vettvangi og vegna annarra þátta er lúta að verkefnisumsjón.
- Yfirlit yfir áherslur samtakanna og samstarfsaðila í verkefninu.
- Ársskýrslu síðasta starfsárs.
- Ársreikningi síðasta starfsárs árituðum af löggiltum endurskoðanda fyrir styttri verkefni og síðustu tveggja ára fyrir langtíma þróanverkefni, líkt og tekið er fram í lið 3.1.
- Nafnalista yfir skipan stjórnar samtakanna.

⁸ Sníðmát fyrir umsóknareyðublað má finna á www.utn.is/fleagasamtok/

- Afriti af samþukktum samtakanna
- Staðfesting að félagsmenn séu yfir 30 talsins

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir viðbótargögnum og skýringum ef þörf krefur.

Almennar leiðbeiningar um verkefnislýsingu, sniðmát fyrir verkefnaskjal, fjárhagsáætlun og rökkræmma er að finna á vefsvæði ráðuneytisins (www.utn.is/felagasamtok). Eru sniðmátin ætluð til leiðbeiningar um hvaða efnisþætti skjölin skulu innihalda. Félagasamtökum er frjálst að aðlaga merki og útlit sniðmátsins eftir því sem við á.

5. Mat á umsóknum

5.1 Frummat

Áður en umsókn fer til umfjöllunar hjá matshópi fer starfsmaður ráðuneytisins yfir umsóknir og kannar hvort þær uppfylli lágmarkskröfur.

Ef einhverjar upplýsingar vantar skal láta umsækjanda vita og gefst umsækjendum kostur á að gera bragarbót innan fimm virkra daga. Ef fylgigögn berast ekki innan þess tíma er umsókn hafnað vegna formgalla og svarað með viðeigandi skýringum.

5.2 Mat umsókna

Umsóknir skulu metnar á faglegum forsendum og þeim gefnar einkunnir á grundvelli gæðaviðmiða sem byggja á grundvelli verklagsreglna þessara og reglna um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til fyrirtækja og félagasamtaka í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020.

Gæðaviðmiðin byggjast á stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu og sýna hlutfallslegt vægi matsþátta og taka mið af tilgangi stuðnings utanríkisráðuneytisins við verkefni félagasamtaka. Auk formskilyrða er litið til þátta eins og gildis verkefnis fyrir markhópinn, þátttöku heimamanna, sjálfbærni verkefna, færni og getu umsækjenda og samstarfsaðila þeirra til að framkvæma verkefnið og ná árangri.

Styrkjum er úthlutað af fengnu álitu matshóps sem skipaður er þremur einstaklingum með sérþekkingu á málaflokknum. Matshópur vinnur út frá skilgreindum gæðaviðmiðum, verklagsreglum þessum og reglum um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020.

Við mat á verkefnum þar sem tiltekinn sérþekkingar er þörf, getur hópurinn leitað álits annarra sérfræðinga. Matsaðilum er skylt að upplýsa um hagsmunatengsl sín við einstök verkefni eða umsóknaraðila. Séu slík tengsl fyrir hendi, skal sá aðili segja sig frá mati á viðkomandi verkefni.

Matshópurinn skilar álitsgerð til utanríkisráðherra, en endanleg ákvörðun um styrkveitingu er í höndum ráðherra.

5.3 Gæðaviðmið

Verkefni skal vera skýrt og afmarkað með markmiðum sem hægt er að ná á tilsettum tíma fyrir það fé sem tilgreint er í fjárhagsáætlun. Þekkingaruppbygging (e. local capacity building) skal ætíð vera innbyggð í verkefni. Standa skal vörð um réttindi og hagsmuni allra kynja sem og hópa sem standa höllum fæti í samfélaginu. Verkefni skal vinna í sátt við umhverfið og þess skal gætt að ekki sé gengið á auðlindir með ósjálfbærum hætti. Styrkinn skal hvorki nota til að stunda trúboð né í þágu stjórn málahreyfinga.

Við mat á umsóknum fyrir þróunarsamvinnuverkefni er byggt m.a. á eftirfarandi viðmiðum:

1. Aðstoðin sé óhlutdræg, byggist á þörfum skjólstæðinganna og mismuni þeim ekki á grundvelli kynferðis, aldurs, fötlunar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litarháttar, kynhneigðar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.
2. Styðji við áherslur íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu, þ.m.t. hvort verkefnið hafi mannréttindamiðaða nálgun og/eða kynjajafnrétti að leiðarljósi.
3. Samræmist stefnu stjórnvalda í viðtökuríkinu. Mannréttindasjónarmið skulu þó ávallt standa öðru ofar, enda algild.
4. Gæðum umsóknar og verkefnisáætlunar (markmiðum, sjálfbærni, afrakstur, aðgerða, tímaramma, stjórnunar, kostnaðar).
5. Getu umsækjanda til að virkja samstöðu og tryggja mótframlag til verkefna.
6. Getu umsækjanda til að rækja hlutverk sitt í þróunarsamstarfinu og í fjármálaumsýslu, sem og reynslu frá fyrri samstarfsverkefnum.
7. Virðisauka af aðkomu íslenska samstarfsaðilans (hvort hlutverk hans sé eingöngu milliganga eða hvort hann hafi eitthvað fram að færa til samstarfsins – til dæmis þekkingu).
8. Samráði á vettvangi, við heimamenn og aðra gjafa til að koma í veg fyrir skörun við verkefni annarra.
9. Þætti samstarfsaðila og markhópsins í undirbúningi og framkvæmd.
10. Þekkingu heimamanna, að hún sé nýtt þar sem þess er kostur.
11. Umhverfisáhrifum.
12. Að viðurkenndum alþjóðlegum starfsháttum við eftirlit og úttektir sé fylgt.

Við úthlutun kynningar og fræðslustyrkja skal tryggja fjölbreytni verkefna, og gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum almennum sjónarmiðum, en einnig sértækum sjónarmiðum eftir atvikum:

1. Gildi og inntak verkefnis er verulegt við að auka upplýsingagjöf, kynningu og fræðslu um alþjóðlega þróunarsamvinnu.
2. Raunhæfar verk- og fjárhagsáætlanir liggja til grundvallar verkefnis.
3. Umsækjendur og aðrir þátttakendur hafa viðeigandi/sterkan faglegan bakgrunn.
4. Nýjar hugmyndir og nálganir eru nýttar við kynningarstarf.
5. Verkefni og umfjöllun endurspeglar virðingu fyrir fólki og viðkvæmum hópum.
6. Þekking og geta viðkomandi samtaka aukist í kjölfar fræðsluverkefnis

Viðmið matshópsins er að finna á www.utn.is/felagasamtok.

5.4 Tilkyning um úthlutun

Ráðuneytið skal svara öllum umsóknum skriflega og færa rök fyrir niðurstöðu. Jákvæð afstaða til styrkumsóknar getur verið bundin skilyrðum, t.d. um endurskoðun á fjárhagsáætlun eða lagfæringu á verkefnisskjali. Slík skilyrði skulu tilgreind í svari ráðuneytisins.

Þau samtök, hvers verkefni hafa hlotið samþykki ráðherra um styrk, fá boð um undirritun samnings. Nánar má sjá um samninga í lið 6.8.

5.5 Trúnaður

Umsóknir, þar með talið fylgiskjöl umsókna og matsblöð flokkast sem trúnaðargögn. Þau gögn eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru ekki aðgengileg öðrum en matshóp og starfsmönnum sjóðsins í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknirnar. Öll umsóknargögn og matsblöð eru varðveitt í málaskrá utanríkisráðuneytisins.

Allir þeir aðilar sem koma að afgreiðslu og mati umsókna hjá ráðuneytinu eru bundnir þagnarheiti.

Lýsing á verkefninu í hnotskurn, nafn styrkþega og upphæð styrks er þó undanskilið trúnaði og er birt á heimasíðu ráðuneytisins ef til úthlutunar kemur. Einnig er unnt að skilgreina frekar notkun á efni í tengslum við verkefnið í samningum.

6. Framkvæmd og eftirlit

Framkvæmd styrkts verkefnis er á ábyrgð styrkþega og samstarfsaðila hans. Styrkþegum er skylt að kynna utanríkisráðuneyti eða Ríkisendurskoðun stöðu verkefnis sé þess óskað. Eftirlit er á hendi þróunarsamvinnuskrifstofu ráðuneytisins og skal ráðuneytið og Ríkisendurskoðun hafa aðgang að öllum viðeigandi gögnum til að endurskoða fjárreiður og framgang verkefnis.

Styrkþegi skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að fyrirbyggja hvers konar spillingu í tengslum við nýtingu fjármuna, sem og misbeitingu valds við framkvæmd verkefna. Heimilt er ráðuneytinu að stöðva greiðslu styrkveitinga og krefjast endurgreiðslu skili ábyrgðaraðili verkefnis ekki inn framvinduskýrslum, miklar breytingar verða á verkefni, eða vakni grunur um að fé sé ekki nýtt í samræmi við verkefnaskjal og fjárhagsáætlun. Jafnframt er ráðuneytinu heimilt að stöðva greiðslu styrkveitinga og krefjast endurgreiðslu vakni grunur um spillingu eða misbeitingu valds í tengslum við framkvæmd verkefnis, t.a.m. í kynferðislegum tilgangi, af hálfu eða í garð þeirra sem að verkefninu koma. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og leggja fram gögn máli sínu til stuðnings. Nánar er fjallað um þessi atriði í samningum komi til úthlutunar vegna verkefna.

Styrkþegar skulu hafa í starfsemi sinni og gera kröfu um að samstarfsaðilar sínir hafi, eða komi sér upp, verkferlum eða viðbragðskerfum fyrir viðtakendur aðstoðar til að bregðast við ábendingum um misnotkun eða misbeitingu valds.

Að verkefni loknu skal styrkþegi kynna ráðuneytinu árangur og niðurstöður þess með skriflegri skýrslu.

6.1 Samningar

Gerðir eru skriflegir samningar um alla styrki vegna þróunarsamvinnuverkefna. Í samningum er m.a. kveðið á um útborgun styrkja, meðferð fjármuna og skýrsluskil.

6.2 Greiðsla styrkja

Við undirritun samnings eða samþykkt á framvinduskýrslu sendir styrkþegi rafrænan reikning til utanráðuneytisins í samræmi við greiðsluáætlun og framkvæmir ráðuneytið þá greiðslu. Ráðuneytið deilir leiðbeinginum um rafræna reikninga með styrkþegum fyrir undirritun samninga hverju sinni.

Styrkir hærrí en 20 milljónir eru greiddir út í áföngum eftir því sem framvinduskýrslum er skilað, nema samið sé um annað í upphafi vegna eðlis útgjalda. Greiðslur skulu taka mið af framkvæmda- og kostnaðaráætlunum og því er ekki nauðsynlegt skilyrði að styrkuppþæðum sé jafnað út yfir styrktímabilið þegar um langtímaþróunarsamvinnuverkefni er að ræða.

6.3 Greiðslur til samstarfsaðila

Samningur skal liggja fyrir milli styrkþega og samstarfsaðila áður en framlög eru millifærð til samstarfsaðila.

Skuldbindingar styrkþega gagnvart utanríkisráðuneytinu eiga einnig við um þá samstarfsaðila sem fara með fjármagn sem kemur frá framlögum ráðuneytisins til þróunarsamvinnu og skal það koma fram í samningi við samstarfsaðila. Á þetta við um:

- Verkefnastjórnun og vöktun verkefna.
- Bókhald og fjármálastjórnun.
- Góða starfshætti gegn spillingu.
- Aðgerðir gegn kynferðislegri misneytingu, misnotkun og áreitni.

Ísland innleiðir þvingunaraðgerðir á grundvelli laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna. Styrkþega ber að útiloka að samstarfsaðilar séu á lista ríkja og aðila sem þvingunaraðgerðir Íslands beinast gegn áður en samningur er undirritaður og framlög millifærð.⁹

6.4 Viðurkenndur kostnaður

Viðurkenndur kostnaður er raunkostnaður félaga vegna einstakra verkefna. Viðurkenndur kostnaður uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- Kostnaður er tilgreindur í kostnaðaráætlun verkefnis;
- Stofnað var til kostnaðar innan tímaramma verkefnis;
- Kostnaðurinn er raunhæfur, réttlætanlegur og í takt við góða fjármálaumsýslu, þá sérlega hvað varðar skilvirkni og hagræðissjónarmið;
- Kostnaðurinn er skráður í bókhald samstarfsaðila, er skilgreindur og hann er hægt að staðfesta;
- Kaup á vörum, vinnu og þjónustu skal vera í samræmi við alþjóðlegar reikningsskilavenjur og góðar innkaupavenjur.

Eftirfarandi kostnaðarliðir teljast ekki til viðurkennds kostnaðar:

- Skuldir eða vaxtagreiðslur vegna skulda;
- Greiðslur í eða stofnun varasjóðs, eða fjármagn lagt til hliðar vegna hugsanlegra framtíðarútgjalda;
- Kostnaður sem fellur undir annan styrk frá ráðuneytinu eða öðrum opinberum aðilum;
- Lán eða kredit til þriðja aðila;
- Kostnaður sem fellur til vegna þjónustu eða vöru sem er afgreidd eða framkvæmd utan tímaramma verkefnis.

⁹ Sjá: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/lagamal/thvingunaradgerdir/>

6.4.1 Raunkostnaður

Styrkir eru greiddir samkvæmt samningi. Ef raunkostnaður verkefnis reynist lægri en gert var ráð fyrir og styrkuppþæð ekki fullnýtt ber styrkþega að endurgreiða eftirstöðvar styrks til utanríkisráðuneytisins.

Ef hægt er að nýta vannýtta upphæð í annan ófjármagnaðan verkþátt innan verkefnisins getur styrkþegi skriflega farið fram á heimild til að nýta ónýtta styrkuppþæð. Utanríkisráðuneytið metur slíkar beiðnir í hverju tilviki fyrir sig. Samþykki krefst uppfærðrar kostnaðaráætlunar og í einhverjum tilfellum frekari uppfærslu á verkefnaskjölum.

6.5 Frávik

Beiðni um frávik frá samþykktri fjárhagsáætlun skal send til ráðuneytisins áður en til útgjalda kemur. Styrkþegum er þó heimilt að færa sem nemur 10% af útgjöldum á meginútgjaldaliðum milli liða og ára. Valdi tilfærslurnar verulegum breytingum á verkefninu skal leita samþykkis ráðuneytisins.

6.6 Færsla milli fjárhagsára

Ef seinkun verður á verkþáttum er leyfilegt að fresta útgjöldum sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlunum en hefur ekki verið eytt, milli ársfjórðunga og fjárhagsára, en þó einungis innan styrktímabilsins, enda hafi ráðuneytið þegar reitt fjármunina af hendi. Slíkar millifærslur á milli fjárhagsára skulu skýrðar og réttlættar í fjárhagsyfirlitum. Félagasamtökin skulu þó leitast við að lágmarka slíkar millifærslur.

6.7 Gengisbreytingar

Utánríkisráðuneytið mun ekki bæta mögulegt gengistap yfir verkefnatímamann. Ef umfang gengisbreytinga er slíkt að það hafi í för með sér umtalsverð áhrif á framgang verkefnis ber styrkþega að upplýsa utanríkisráðuneytið eins fljótt og auðið er.

6.8 Eignir, búnaður og rekstrarvörur

Allar eignir (fasteignir, land, ökutæki), búnaður, tæki og tól, sem eru keypt með framlögum ráðuneytisins skal yfirfæra til staðbundinna samstarfsaðila eða haghafa verkefnisins við verkefnislok, nema annað sé tekið fram í samningi.

Styrkþegar skulu halda skrá yfir allar eignir, eða staðfesta eignaskráningu samstarfsaðila ásamt staðfestingu á yfirfærslu eigna þar sem það á við.

6.9 Fjármálastjórnun

Styrkþegar skulu viðhafa góða stjórnarhætti og sýna ráðdeild við nýtingu styrksins. Farið skal eftir Leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar um eftirlit með fjármunum, uppgjöri og áritun endurskoðanda í tengslum við þátttöku Íslands í sameiginlegum þróunarverkefnum á sviði mannúðar og neyðaraðstoðar (30. júní 2015), sem nálgast má á vefsíðu stjórnarráðsins

Styrkþegar eru ábyrgir fyrir því að tryggja að samstarfsaðilar þeirra á vettvangi fylgi viðeigandi stöðlum varðandi bókhald og fjármálastjórn. Styrkþegar eru

jafnframt ábyrgir fyrir því að tryggja að samstarfsaðilar hafi fullnægjandi getu og hæfni á þessu sviði. Kaup á vörum, vinnu og þjónustu skal vera í samræmi við alþjóðlegar reikningskilavenjur og góðar innkaupavenjur.

Styrkþegar skulu setja stefnu um afstöðu sína og ráðstafanir gegn spillingu og siðareglur varðandi meðferð fjár. Styrkfé má aldrei renna beint til opinberra starfsmanna, íslenskra eða erlendra ríkja. Styrkþegar eru jafnframt ábyrgir fyrir því að þjálfva og upplýsa sína samstarfsaðila um stefnu, siðareglur og aðra slíka staðla sem samstarfsaðilar þurfa að fara eftir. Styrkþegum er skylt að setja inn ákvæði um afstöðu og ráðstafanir gegn spillingu í þá samninga sem þeir gera við samstarfsaðila.

6.10 Misnotkun fjár

Styrkþegar skulu án tafar upplýsa ráðuneytið skriflega um ólögð mætar gjörðir, spillingu eða misnotkun fjár sem styrkþegar komast á snöðir um eða þeim hefur verið bent á, hvort sem slíkt á sér stað innan samtaka styrkþega sjálfra eða samstarfsaðila þeirra. Styrkþegar skulu rannsaka og ef nauðsyn ber til, grípa til ráðstafana gegn einstaklingum sem verða uppvísir að spillingu eða misnotkun fjár. Slíkar ráðstafanir geta til dæmis verið lögsókn, kæra til lögreglu, kvörtun, tilkynning til eftirlitsaðila eða brottvísun úr starfi. Styrkþegar skulu halda ráðuneytinu upplýstu um þær ráðstafanir sem gripið er til, framvindu úttekta og rannsókna, og láta ráðuneytinu í té lokaskýrslu þegar slíku ferli er lokið.

6.11 Varnir gegn kynferðislegri misneytingu, misnotkun og áreitni

Verkefni fjármögnuð af íslenskum stjórnvöldum skulu framkvæmd í samræmi við alþjóðleg viðmið um samfélagslega ábyrgð og ábyrga starfshætti. Ísland tók undir tilmæli OECD DAC 2019 um að binda enda á kynferðisofbeldi, áreitni og misneytingu í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð og gilda þau tilmæli í öllu starfi fjármagnað af ráðuneytinu.

Styrkþegi og samstarfsaðilar hans, ef einhverjir eru, skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíkt athæfi og hafa vernd einstaklinga að leiðarljósi, þ.m.t. haghafa og starfsfólks. Skal styrkþegi fylgja leiðbeiningum OECD DAC um að binda enda á kynferðisofbeldi, áreitni og misneytingu.¹⁰

Styrkþegar skulu gera kröfu um að samstarfsaðilar sínir hafi eða komi sér upp verkferlum eða viðbragðskerfum fyrir viðtakendur þróunaraðstoðar til að bregðast við ábendingum um misnotkun eða misbeitingu valds. Styrkþegar og samstarfsaðilar geta nýtt sér tilkynningagátt ráðuneytisins í þessum tilgangi.¹¹

¹⁰ Sjá: [https://one.oecd.org/document/DCD/DAC\(2019\)31/FINAL/en/pdf](https://one.oecd.org/document/DCD/DAC(2019)31/FINAL/en/pdf)

¹¹ Sjá: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/althjodleg-throunarsamvinna/tilkynningagatt/>

Komi upp mál tengd misneytingu, misnotkun eða áreitni hjá styrkþega eða samstarfsaðilum hans skal hann grípa til ráðstafana og bregðast við tímanlega og með viðeigandi hætti.

Styrkþegi skal tilkynna ráðuneytinu án tafar þegar grunur vaknar um kynferðislega misneytingu, misnotkun eða áreitni.

6.12 Úttektir og árangursmat

Styrkhafar eru ábyrgir fyrir að fylgjast með árangri þeirra verkefna sem þeir þiggja styrki vegna og skulu árangursmiðaðar áætlanir og árangursrammar vera notaðir til grundvallar verkefna. Ráðuneyti og Ríkisendurskoðun hafa að auki rétt til að kanna og endurskoða reikninga verkefnis og/eða láta fara fram sjálfstæðar úttektir á framvindu verkefnis og fjárreiðum. Úttektir af hálfu ráðuneytis skulu vera í samræmi við úttektarstefnu UTN og staðla OECD DAC. UTN vaktar jafnframt framvindu verkefna og áskilur sér rétt til að senda fulltrúa sinn í vettvangsheimsókn. Félagasamtök skulu veita aðgang að viðeigandi gögnum, eigum og skjölum sem varða verkefnið fyrir úttektir og vöktun UTN.

6.13 Sýnileiki verkefna

Í kynningum á verkefninu skal koma fram að verkefni séu hluti af opinberri þróunaraðstoð Íslands.

Í kynningum eða umfjöllun um verkefni skal koma fram að verkefni eða starf séu hluti af opinberri þróunaraðstoð Íslands með birtingu merkis utanríkisráðuneytisins eða með tilvitnun í texta.¹² Verkefni eru styrkt af utanríkisráðuneytinu en ekki framkvæmd í samstarfi við utanríkisráðuneytið, því skal ekki vísa til ráðuneytisins á annan hátt en sem styrkveitanda.

Ef efni sem er nýtt sem hluta af sýnileika verkefna telur myndefni sem sýna auðþekkjanlegar manneskjur þarf styrkþegi eða samstarfsaðili að geta sýnt fram á að hafa fengið leyfi frá viðkomandi til að nota myndina/myndskeiðið. Þetta á ekki við um myndir sem fanga almenning á opnu svæði eða opinbera aðila við störf.

¹² Sjá: <https://www.stjornarradid.is/gogn/honnunarstadall/>

7. Skýrslur

7.1 Framvinduskýrslur

Framvinduskýrslur eru gerðar af framkvæmdaaðilum. Þar er framgangur verkefnis miðað við verkáætlun reifaður og frávik skýrð. Skýrslurnar skulu byggja á þeim árangursramma sem settur var fram í verkefnaskjali og vera einfaldar, skýrar og skorinorðar.

Framvinduskýrslur skulu vera á íslensku eða ensku. Uppsetning og framsetning er ekki stöðluð, en skýrslur skulu settar fram á svipaðan hátt og verkefnaskjal verkefnis til að einfalda samanburð milli verkefnaskjals og skýrslu. Skýrslur sem notaðar eru við verkefnastjórnun má nota við upplýsingagjöf til ráðuneytisins. Miðað er við að í framvinduskýrslum séu eftirfarandi upplýsingar:

- Verkefnatitill, heiti styrkþega og umsjónaraðila verkefnis, útgáfudagsetningu, og tímabili sem skýrslan spannar.
- Umfjöllun um framgang verkefnis, samanburður á árangri miðað við áætlanir og mögulegar breytingar.
- Uppfærð gildi árangursvísa sem koma fram í rökamma.
- Samantekt á fjárútlátum samanborið við fjárhagsáætlun, ásamt upplýsingum um aðföng verkefnis.
- Þátttaka haghafa og ábyrgðaskylda gagnvart haghöfum, þ.m.t. aðgerðir til að fyrirbyggja kynferðislega misneytingu, misnotkun eða áreitni, og aðgerðir og viðbrögð sem gripið hefur verið til ef tilkynningar um slíkt hafi borist yfir tímabil skýrslunnar.
- Mat á vandamálum og áhættuþáttum, þ.m.t. þeim sem skilgreindir eru í rökamma, og hvort þau gætu haft áhrif á árangur verkefnisins.
- Upplýsingar um vöktun verkefnis og vísun í úttektir eða greiningar ef við á.

Framvinduskýrslum vegna langtímaþróunarsamvinnuverkefna skal skila á að minnsta kosti hálfis árs fresti til verkloka. Jafnframt skal skila ársskýrslum allra verkefna. Félagasamtök sem hljóta nýliðastyrki eða styrki til styttri þróunarsamvinnuverkefna skila einni framvinduskýrslu/lokaskýrslu yfir styrktímam. Þó skal greina tafarlaust frá aðstæðum sem torvelda framkvæmdir.

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir ítarlegri upplýsingum frá styrkþega um vöktun og stöðu verkefna.

7.2 Lokaskýrslur

Lokaskýrslur fylgja sömu nálgun og framvinduskýrslur en ná yfir heildartíma verkefnis. Skila skal lokaskýrslu til ráðuneytisins að öllu jöfnu eigi síðar en þremur mánuðum eftir verklok fyrir styttri þróunarsamvinnuverkefni og nýliðaverkefni. Lokaskýrslu vegna langtíma þróunarverkefna á vegum félagasamtaka skal skila eigi síðar en sex mánuðum eftir verklok.

Lokaskýrslur skulu innihalda sömu atriði og framvinduskýrslur **og að auki**:

- Umfjöllun um markmið verkefnis og mat á árangri þess þ.e. hvort markmið hafi náðst og mar lagt á áhrif (*e. impact*) þeirra. Litið er til afrakstursins (*e. outcome*).
- Kyngreint mat á þróunaráhrifum verkefnisins, ef hægt er. Áhrif eru metin sem jákvæðar eða neikvæðar breytingar eða afleiðingar verkefnisins á markhópin, greind eftir kyni og aldri, hvort sem þær voru ætlaðar eða ófyrirséðar.
- Samantekt á aðgerðum til að fyrirbyggja misbeitingu valds og spillingu, þ.m.t. aðgerðir gegn kynferðislegri misneytingu, misnotkun eða áreitni;
- Mat á sjálfbærni verkefnisins, þ.e. að hversu miklu leyti jákvæðra áhrifa verkefnisins muni gæta áfram eftir lok stuðningsins.
- Samantekt á lærdómi (*e. lessons learned*) af framkvæmd verkefnisins.

7.3 Reikningsuppgjör

Styrkþegi skal viðhalda vandaða fjármálastjórnun og tryggja vandaða fjármálastjórnun umsjónaraðila verkefnis á vettvangi sé sá aðili annar en styrkþegi.

Skila skal reikningsuppgjöri að öðru jöfnu eigi síðar en sex mánuðum eftir verklok fyrir langtímaþróunarverkefni en þremur mánuðum eftir verklok fyrir nýliðastyrki og styttri verkefni. Í reikningsuppgjöri skal gera grein fyrir greiðslum styrkþega til umsjónaraðila verkefnis, sem og til framkvæmdaaðila þess ef sá aðili er annar en umsjónaraðili.

Reikningsuppgjör skal innihalda:

- Yfirlit yfir allar tekjur verkefnisins, þar á meðal styrki, framlög í öðru formi en beinum peningaframlögum ef við á (s.s. landi sem lagt er undir verkefni, hráefnum, vinnuframlagi, stjórnunarkostnaði o.s.frv.), eigin tekjusköpun verkefnisins o.s.frv.
- Yfirlit yfir raunkostnað verkefnisins, þar á meðal kostnað vegna eftirlits og vöktunar með verkefninu.
- Gera skal grein fyrir frávikum frá samþykktari kostnaðaráætlun verkefnis.
- Gera skal grein fyrir kostnaði vegna umsýslu styrkþega og hvað í henni felst.

Ábyrgðarmaður styrkþega, sem getur verið framkvæmdastjóri eða prókúruhafi íslensku samtakanna, skal votta undirritaða reikninga verkefnisins og skrifa bréf því til staðfestingar að þeir séu réttir.

